

Móttækio hjá **RSK**

19 JUNI 2002



SKRIFSTOFUKERFI RSK	
Bréfalykill:	_____
A-Ö:	_____
Málsnúmer:	2002020322
Aths.:	Svarbréf

DÓMS - OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ríkisskattstjóri
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
veffang: http://domsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 18. júní 2002

Tilvísun: DKM02020162/146.0/ASA/--

Ráðuneytinu hefur borist bréf ríkisskattstjóra, dags. 6. júní sl., þar sem ítrekuð er sú ósk að ráðuneytið gefi álit sitt um túlkun á 3. mgr. 2. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, hvað varðar beitingu alþjóðasamninga, s.s. tvísköttunarsamninga, sem ekki hafa verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda. Þá hafði ríkisskattstjóri upphaflega sent ráðuneytinu ofangreinda fyrirspurn með bréfi dags. 15. febrúar sl., og ítrekað bón sína með bréfi dags. 8. mars og 30. apríl.

Ráðuneytið hugðist afla sér viðhorfs utanríkisráðuneytisins á álitaefninu, vegna aðkomu þess að útgáfu samninga við önnur ríki í C-deild Stjórnartíðinda og ritaði bréf þar sem þess var farið á leit þann 21. febrúar og þann 7. maí sl. Erindunum hefur enn ekki verið svarað og telur ráðuneytið að því sé ekki stætt að bíða lengur og mun leitast við að svara fyrirspurn ríkisskattstjóra hér á eftir.

Ákvæði þau er ríkisskattstjóri óskar túlkunar á eru 3. mgr. 2. gr og 7. gr ofangreindra laga. 3. mgr. 2. gr. segir m.a.:

“Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.”

Og í 7. gr. laganna segir:

“Fyrirmælum er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.”


Dómsmálaráðherra fer með úrskurðarvald um hvar og hvort atriði þau er tilgreind eru í 1. - 3. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda skuli birt og ráðuneytið hefur forræði yfir útgáfu Stjórnartíðinda. Lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda tóku gildi 1. janúar 1944 og frá 1. janúar 1962 er Stjórnartíðindum skipt í þrjá hluta, A-deild, B-deild og C-deild, sbr. lög nr. 22/1962, en í C-deild eru birtir samningar við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Í 27. gr stjórnarskrárinnar segir að birta skuli lög og að um birtingarhátt þeirra fari að landslögum. Birting laga er forsenda þess að almenningi gefist kostur á að fá vitneskju um tilvist og efni réttarreglna og þar af leiðandi forsenda fyrir beitingu þeirra, enda verður að skilja ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að óbirtum lögum verði ekki beitt, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 619 frá 1986. Þessi regla er svo áréttuð í 7. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Þessu til stuðnings vísast einnig til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 203/2001 þar sem segir:

“Tekið skal fram að telja verður að eldri samningurinn eigi við um tilvik kæranda, er varðar gjaldárið 1999, enda var nýi samningurinn ekki birtur fyrr en 8. desember 1999, eins og fram var komið, sbr. og 2. mgr. 2. gr. og 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.”

Af framangreindu þykir ráðuneytinu ljóst að til þess að alþjóðlegum samningum eins og tvísköttunarsamningum verði beitt verður birting þeirra að hafa átt sér stað í C-deild stjórnartíðinda, svo og auglýsing varðandi gildi þeirra, enda komi viðkomandi ákvæði ekki fram í öðrum réttarreglum.

F. h. r.



Björn Friðfinnsson

/



Anna Sigríður Arnardóttir

Afrit sent:
Utanríkisráðuneytinu